



Borgarráð

Lambhagavegur 13 - Úthlutun lóðar og sala byggingarréttar

Óskað er eftir að borgarráð samþykki að úthluta Orku ehf. kt. 640805-0720, Stórhöfða 37, 3.500 fermetra lóð við Lambhagaveg 13. Verð lóðarinnar er kr. 85.750.000.- en þar af er gatnagerðargjald kr. 47.358.500.- og er greitt fyrir byggingarréttinn kr. 38.391.500.- Á lóðinni er heimilt að byggja allt að 2.450 fermetra atvinnuhúsabyggingu. Lóðin er skilgreind sem atvinnulóð.

Greiðslufrestur er 45 virkir dagar frá samþykki borgarráðs á kauptilboði. Verði ekki af greiðslu kaupverðs byggingarréttarins í samræmi við ofangreint innan tilskilins frests eða ef að vanskil verða á einstökum gjalddögum kaupverðsins getur það varðað riftun á sölu byggingarréttarins og afturköllun á úthlutun lóðar. Sama á við ef framkvæmdafrestir eru ekki virtir.

Lóðarhafi á ekki rétt á því að skila umræddri lóð aftur til Reykjavíkurborgar gegn endurgreiðslu lóðarverðsins sbr. lokamálslið greinar 1.14. í almennum lóða og framkvæmdaskilmálum frá því í júní 2013. Lóðarhafa er heimilt að framselja rétt sinn með leyfi borgarráðs þar til lóðarleigusamningur hefur verið gefinn út. Eftir að lóðarleigusamningur hefur verið gefinn út er framsal lóðarinnar frjálst.

Fráveituheimædagjald kr. 395.494.- er innheimt af Veitum ofh. (áður Orkuveitu Reykjavíkur).

Ef samþykktar verða stærri byggingar á lóðinni en sem nemur viðmiðunarstærð gatnagerðargjalds á lóðinni skulu byggingaleyfishafar greiða auk viðbótargatnagerðargjalds, uppreiknað kaupverð byggingarréttarins fyrir þá fermetra sem bætast við núverandi byggingarheimildir skv. samþykktu deiliskipulagi sem gildir í dag. Skipulagsbreyting að ósk lóðarhafa leiðir aldrei til lækkunar söluverðs byggingarréttar.

Lóðin er afhent í núverandi ástandi sem lóðarhafi hefur kynnt sér og sættir sig við. Að öðru leyti gilda um lóðina almennir lóða- og framkvæmdaskilmálar frá júní 2013, sjá hér reykjavik.is/lodir og deiliskipulagsskilmálar fyrir Lambhagareit í Reykjavík, auglýst í B-deild stjórnartíðanda 3. sept. 2010, sem hægt er að skoða á vefnum: http://lukrskjol.reykjavik.is/skipulagssja/upplýsingar/DSK_PDF/Lambhagaland_29_04_2010.pdf

Nánari ákvæði verða sett um leigu fyrir lóðina í lóðarleigusamningi. Lóðarleigusamningur verður gerður við lóðarhafa þegar lóðin er greidd.

Hrólfur Jónsson

